Náttúruskóli Reykjavíkur

ÁRSSKÝRSLA 2012

Verkefnisstjóri

Helena Óladóttir er verkefnisstjóri Náttúruskóla Reykjavíkur. Hún hefur leitt starfsemi skólans frá upphafi hans, eða frá hausti 2005. Helena er menntaður kennari og lauk meistaraprófi í Umhverfisfræðum frá Háskóla Íslands haustið 2005. Hún hefur mikla reynslu af málefnum menntunar til sjálfbærni og hefur setið í nefndum á vegum Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkur, Menntasviðs Reykjavíkur, umhverfisráðuneytisins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um ýmis fræðslu- og umhverfismál.

Verkefnisstjórn 2012

- Guðrún Edda Bentsdóttir, verkefnastjóri á grunnskóla-skrifstofu, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur
- Helgi Gíslason, framkvæmdastjóri, Skógræktarfélag Reykjavíkur
- Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, leikskólaráðgjafi - verk-efnastjóri, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur
- Magnús Arnar Sveinbjörnsson, skólastjóri Vinnuskóla Reykjavíkur, Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkur
- Hrefna Sigurjónsdóttir, prófessor við Menntavísinda-svið HÍ, fulltrúi Landverndar
- Þórólfur Jónsson, skrifstofustjóri Náttúru og útivistar, Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkur
- Karen Pálsdóttir, umhverfis- og þróunarfulltrúi, Náttúra og útivist, til ágústloka 2011

Ársskýrsla 2012

Skýrsluhöfundur: Helena Óladóttir
Ljósmyndir bls. 4, 6, 10, 15 og forsíða Helena Óladóttir
Ljósmynd bls. 11 Orri Páll Jóhannsson
Umbrot: Helena Óladóttir
Prentun: Oddi, umhverfisvottuð prentsmiðja

Skýrslan er prentuð skv. umhverfisvottun Svansins og er einnig aðgengileg á pdf-formi á vefsíðu Náttúruskóla Reykjavíkur *www.natturuskoli.is*

Forsíðumynd: Börn og kennarar úr leikskólanum Hálsa-skógi bíða spennt eftir hádegisverði á fallegum sumardegi á grenndarsvæði leikskólans í júní 2012.

Efnisyfirlit

Inngangur 4
Útinám 5
- Kennaranámskeið
- Námskeið á starfsdögum
- Teymi leikskólakennara í útinámi

Menntun til sjálfbærni 7
- Kennaranámskeið
- Námskeið á starfsdögum

Grenndarsvæði skóla 8
- Samningar um grenndarsvæði
- Úttekt og kortlagning fyrir SFS

Önnur samstarfsverkefni 10
- Varðliðar umhverfisins
- Umhverfið er okkar bók
- Vinnuskóli Reykjavíkur

Náttúruskólinn á grænni grein 11
Tölulegar niðurstöður 12
- Lykiltölur
- Sjálfbærnivísar
- Fyrirlestrar og kynningar

Lokaorð 15

Inngangur

Enn eitt ár í starfsemi Náttúruskóla Reykjavíkur er að baki. Starfsemin á árinu var fjölbreytt að venju og Náttúruskólinn kom víða við.

Aldrei áður hefur Náttúruskólinn verið með fleiri námskeið á starfsdögum í skólum þó áfram hafi dregið úr auglýstum kennaranámskeiðum á vegum skólans. Fleiri skólar en nokkru sinni óskuðu eftir fræðslu um menntun til sjálfbærni og margir leituðu eftir stuðningi við innleiðingu útináms.

Ný aðalnámskrá tók gildi og felur í sér allmiklar breytingar fyrir leik– og grunnskóla landsins. Náttúruskólinn tók fullan þátt í að greiða leið námskrárinnar, upplýsa um grunnþáttinn *sjálfbærni* og styðja við innleiðingu nýrrar menntastefnu í skólum borgarinnar.

En það er ekki aðeins í leik– og grunnskólum sem breytingar eru að verða. Sameiningar sviða Reykjavíkurborgar voru áberandi í umgjörð Náttúruskólans á árinu og mun skólinn flytja starfsemi sína á Skóla– og frístundasvið. Framundan eru því spennandi tímar og ný tækifæri fyrir Náttúruskólann til að vaxa og dafna enn frekar.

1. mynd. Börn úr leikskólanum Álftaborg skoða það sem þau fundu í umhverfinu og var jafnlangt vísifingri þeirra.

Útinám

Kennaranámskeið

Í ársskýrslu Náttúruskóla Reykjavíkur fyrir árið 2011 kemur fram að mikill samdráttur varð á þátttöku á auglýstum kennaranámskeiðum á vegum Náttúruskólans. Þar voru raktar hugsanlegar ástæður samdráttarins, s.s. niðurskurður í fjármögnun skóla, uppsagnir kennara og starfsfólks, sameiningar skóla og sameining sviða Reykjavíkurborgar. Þegar dregur að árslokum 2012 má sjá að í framhaldi af þessari þróun hefur starfsemi Náttúruskólans verið með öðru móti en undangengin ár, sérstaklega þegar horft er til kennaranámskeiða. Færri námskeið voru auglýst en áður og færri sóttust eftir þátttöku á námskeiðunum sem þó voru í boði. Aðeins voru tvö námskeið um útikennslu haldin á árinu 2012, bæði að vori. Á þessum námskeiðum voru aðeins 20 þátttakendur, sjá lykiltölu 1 og nánari greiningu tölulegra upplýsinga á bls. 12.

Fyrra námskeiðið var haldið í samstarfi við Grasagarð Reykjavíkur og fór fram þar. Viðfangsefni þess var *Hláturjóga* og var liður í *Grænum apríl*. Þátttakendur voru 13.

Síðara námskeiðið nefndist *Færni til framtíðar* og sá Sabína Steinunn Halldórsdóttir um að fræða þátttakendur um möguleika til hreyfiþjálfunar barna í manngerðu umhverfi jafnt sem náttúrulegu. Þátttakendur voru aðeins sjö talsins.

Námskeið á starfsdögum

Stöðug eftirspurn er eftir fræðslu á starfsdögum skóla. Fram til þessa hefur aðallega verið falast eftir fræðslu um útinám og óskuðu sjö skólar í borginni eftir slíkri fræðslu í ár. Í öllum tilfellum var um að ræða skóla sem fram að þessu hafa ekki verið í samstarfi við Náttúruskóla Reykjavíkur þó einstaka kennarar úr þeim hafi verið þátttakendur á kennaranámskeiðum. Upplýsingar um lykiltölu 2 sem sýnir fjölda skóla sem fá fræðslu á starfsdögum á ári hverju er að finna á bls. 12.

Árið 2012 kölluðu skólar eftir fjölbreyttari fræðslu á starfsdögum en áður og sívaxandi eftirspurn er eftir leiðsögn Náttúruskóla Reykjavíkur í menntun til sjálfbærni. Það er ávöxtur starfs síðustu tveggja ára þar sem verkefnisstjóri hefur verið í fararbroddi í umræðu um innleiðingu grunnþáttarins *sjálfbærni* í nýrri aðalnámskrá 2011. Nánar er fjallað um þetta starf í kaflanum *Menntun til sjálfbærni* á bls. 7.

Áfram var unnið með nokkrum skólum sem á undanförnum árum hafa fengið námskeið á starfsdegi. Þar má t.d. nefna leikskólana Hálsaskóg, Álftaborg ásamt Ísaksskóla og Dalskóla.

Teymi leikskólakennara í útinámi

Í ársskýrslu síðasta árs er reifuð sú ósk að koma á laggirnar jafningjafræðsluteymi leikskólakennara í útinámi í kjölfar ráðstefnunnar *Ute är Inne* 2011 í Malmö. Hugmyndin var upprunalega rædd í hópi þeirra leikskólakennara sem sótti ráðstefnuna í Malmö en verkefnisstjóri Náttúruskólans ákvað að bjóða öllum áhugasömum til þátttöku. Var það gert bréfleiðis til allra leikskólastjóra borgarinnar að vori 2012. Í bréfinu kemur fram að þeir sem reynslu hefðu af útinámi og/eða hefðu sótt sér menntun á því sviði gætu óskað eftir að taka þátt. Fyrirhugað væri að teymið hittist sex sinnum yfir skólaárið 2012-2013 þar sem þátttakendur teymisins skiptust á að miðla hugmyndum og verkefnum sín á milli.

Undirtektir voru afar jákvæðar og fjöldi fyrirspurna og skráninga barst verkefnisstjóranum. Þegar teymið hóf störf í september 2012 var ljóst að hóparnir yrðu tveir og þátttakendur alls 34 að verkefnisstjóra meðtöldum. Í báðum hópum er algengt að 2-3 kennarar komi frá sama leikskóla og gefur það þátttakendum mikinn stuðning við að innleiða

hugmyndir og viðfangsefni í sínum heimaskóla. Fræðslustjóri Grasagarðsins er einnig þátttakandi í teyminu sem styður mjög við samstarf Náttúruskólans og Grasagarðsins.

Báðir hóparnir hafa hist þrisvar sinnum á haustmisseri. Á fyrsta samverufundi komu hóparnir sér saman um hvenær hver skyldi sjá um viðfangsefni fundarins og hvar hann færi fram. Hóparnir hafa hvor sinn háttinn á, annar hefur skipulagt sína fundi í Grasagarðinum í Laugardal og nýtir að einhverju leyti aðstöðuna í Laugatungu, hinn hittist ávallt á nýjum stað sem valinn er af þeim sem skipuleggja viðfangsefni fundarins. Gjarnan er þá um að ræða svæði sem þátttakendur þekkja vel og er tamt að nýta með leikskólabörnunum. Á vormisseri eru skipulagðir þrír samverufundir, þ.e. í mars, apríl og í maí.

Þátttakendur hafa samskipti í tölvupósti og á samskiptavefnum *Fésbók* þar sem myndaður hefur verið hópur (grúppa). Sá samskiptahópur er sameiginlegur fyrir alla þátttakendur í báðum hópunum. Enn sem komið er, er hópurinn lokaður öðrum.

Teymi leikskólakennara í útinámi sækir fyrirmynd sína til samskonar hóps grunnskólakennara sem kom saman á vegum Náttúruskólans á síðasta skólaári. Í mati á því hópastarfi kom fram að árekstrar voru tíðir á milli tímasetninga funda teymisins og fræðslu í öðrum verkefnum. Þar var einkum um að ræða fundi á vegum *Lesið í skóginn* og *Skóla á grænni grein*. Markmið þeirra verkefna er, líkt og Náttúruskólans, að vekja þátttakendur til meðvitundar um umhverfi sitt. Kom fram að þátttakendur í útiteymi væru einatt í forsvari fyrir sinn skóla í hinum verkefnunum einnig og því yrðu þessir árekstrar tíðari en ella. Sett var fram ósk þátttakenda í teyminu að haldið væri betur utan um þessi verkefni, svo þau styddu betur hvert við annað og komið væri í veg fyrir óþarfa skörun milli þeirra.

Í kjölfarið ákvað verkefnisstjóri Náttúruskólans að bíða sameiningar sviða Reykjavíkurborgar og flutnings Náttúruskólans á SFS um áramótin 2012-2013 sem gefur tækifæri á að vinna að verkefnunum þremur sé betur samræmd.

2. mynd. Frá samverustund teymis leikskólakennara í útinámi í október 2012.

Menntun til sjálfbærni

Eins og fram kemur í fyrri ársskýrslum hefur þörf á stuðningi við innleiðingu menntunar til sjálfbærni aukist jafnt og þétt og í takt við áherslur í nýrri aðalnámskrá. Þess sér merki bæði í auglýstum kennaranámskeiðum og þeim námskeiðum sem Náttúruskólinn hefur haldið á starfsdögum skóla. Mikið hefur verið leitað eftir ráðgjöf Náttúruskólans í viðfangsefnum sem snerta menntun til sjálfbærni þar sem skólinn hefur tekið frumkvæði í að fjalla um efnið á hagnýtan hátt. Leik- og grunnskólar hafa einkum leitað eftir fræðslu um sjálfbæra þróun, um menntun til sjálfbærni, hvernig árangursríkri innleiðingu skuli háttað og hvar tækifæri til slíks liggi í starfi viðkomandi skóla.

Einnig hefur aukist að aðrir leiti til Náttúruskólans en þá hefur helst verið falast eftir fyrirlestrum og kynningum á breiðari vettvangi, s.s. á fundum félagasamtaka, í samstarfsverkefnum við ráðuneyti, við Námsgagnastofnun o.fl. Í einhverjum tilfellum hefur Náttúruskólinn orðið að vísa slíkum beiðnum frá vegna anna og árekstra við aðra fræðslustarfsemi.

Hér er fjallað nánar um þá fræðslu sem sérstaklega snýr að skólum en á bls. 14 er gerð nánari sundurliðun á þeim kynningum og fyrirlestrum sem Náttúruskólinn hefur verið í forsvari fyrir á öðrum vettvangi.

Kennaranámskeið

Menntun til sjálfbærni hefur vaxið fiskur um hrygg í starfsemi Náttúruskólans. Síðustu ár hafa námskeið í umhverfismennt og menntun til sjálfbærni orðið fyrirferðarmeiri í dagskrá skólans og engin breyting varð þar á árinu 2012 þó fjöldi kennaranámskeiða ársins væri vissulega lítill. Náttúruskóli Reykjavíkur hélt námskeiðið *Sjálfbærni í skólastarfi* í samstarfi við SFS á haustmisseri 2012 og var það með öðru sniði en hin hefðbundnu kennaranámskeið Náttúruskólans. Um var að ræða 15 kst. námskeið sem hófst á námskeiðsdegi SFS 14. ágúst. Tveir námskeiðsfundir voru haldnir í kjölfarið, hinn fyrri þann 30. ágúst og sá síðari 4. október. Þátttakendur unnu auk þess kennsluverkefni á milli námsfunda. Alls tóku 15 kennarar þátt, allir úr grunnskólum borgarinnar og var góður rómur gerður að þessu námskeiði.

Námskeið á starfsdögum

Í ár bauð Náttúruskólinn í fyrsta skipti upp á sérstakt námskeið á starfsdegi sem fjallaði eingöngu um menntun til sjálfbærni. Alls voru haldin sex slík námskeið á starfsdögum í leik- og grunnskólum auk þess sem níu skólar fengu kynningu á menntun til sjálfbærni á sameiginlegum starfsdegi leik- og grunnskóla í Árbæjarhverfi. Tvö námskeiðanna fóru fram á vormisseri en hin að hausti. Fleiri námskeið um sama efni eru bígerð strax á fyrstu dögum nýs árs.

Námskeiðið fer fram bæði innandyra og utan, líkt og hefur verið með önnur námskeið á vegum Náttúruskólans. Á námskeiðinu er fjallað um hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar, tengsl menntunar til sjálfbærni við þá hugmyndafræði og ýmis hugtök skýrð. Þá er lögð áhersla á hagnýtt gildi námskeiðsins og mikið lagt upp úr dæmum úr skólastarfi og verkefnum sem nýst geta kennurum til að ná tökum á efninu.

Grenndarsvæði skóla

Samningar um grenndarsvæði

Færst hefur í vöxt að skólar leiti eftir að taka svæði í fóstur. Á árinu voru undirritaðir þrír samningar milli skóla og Umhverfis– og skipulagssviðs (USK) um grenndarsvæði til viðbótar við þá fjóra sem fyrir voru.

Í janúar voru undirritaðir samningar við Dalskóla í Úlfarsárdal og við leikskólann Fífuborg í Grafarvogi. Í apríl var svo skrifað undir samning við leikskólann Sunnufold. Alls eru því sjö svæði í borginni skilgreind sem grenndarsvæði skóla og samningur hefur verið gerður um (sjá töflu 1). Til viðbótar eru tveir samningar í bígerð. Undirbúningi annars þeirra er lokið en ekki náðist að skrifa undir samninginn fyrir árslok vegna slæmra veðurskilyrða. Hinn er enn í undirbúningsferli.

Úttekt og kortlagning fyrir skóla– og frístundaráð

Í janúar 2012 fór Skóla- og frístundaráð þess á leit við Náttúruskóla Reykjavíkur að kortleggja útikennslustofur í Reykjavík svo gera megi átak í því að kynna þær fyrir leik- og grunnskólum og hvetja þannig til notkunar þeirra í skólastarfi.

Fyrsta skrefið til að kortleggja útikennslustofur í Reykjavík var að skoða hugtakið sjálft og önnur sem notuð eru yfir svæði sem útinám fer fram á. Í þeim tilgangi var leitað til reyndra útikennara á leik- og grunnskólastigi auk þess sem spurningunni var varpað til skólastjóra í borginni.

Flestir þeirra sem svöruðu voru sammála því að hugtakið útikennslustofa væri til-

Tafla 1 Upplýsingar um grenndarsvæði sem samningar hafa verið gerðir um í árslok 2012.

Dags. undirritunar	Nafn skóla	Afmörkun svæðis
Nóvember 2009	Laufásborg	Hljómskálagarður, við horn Sóleyjargötu, Njarðargötu og Hringbrautar
10. september 2010	Brekkuborg	Við göngustíg fyrir neðan Húsahverfi
2. maí 2011	Hálsaskógur	Opið svæði milli Holtasels, Skriðusels og Skagasels (í Seljahverfi)
25. nóvember 2011	Nóaborg	Á Klambratúni
18. janúar 2012	Fífuborg	Sunnan við Gufuneskirkjugarð
23. janúar 2012	Dalskóli	Í Úlfarsárdal, við suðvesturhorn skólalóðar
18. apríl 2012	Sunnufold	Leiksvæði í Foldahverfi í Grafarvogi

tölulega þröngt og skólamiðað. Viðmælendur voru á einu máli um að í þeirra huga væri útikennslustofa tiltekinn staður í umhverfinu þar sem uppbygging hefði átt sér stað, annað hvort í þeim tilgangi að efla útikennslu á viðkomandi svæði eða til að sporna við því að álag á svæðinu vegna útikennslu yrði því til skaða. Kortlagning útikennslustofa næði því ekki til þess að kortleggja þau svæði sem notuð eru til útináms heldur aðeins þau svæði sem falla undir þessa þröngu skilgreiningu.

Margir bentu á að hugtakið útinámssvæði hentaði betur þar sem það hefði í sér víðari skírskotun til þeirra svæða sem notuð eru sem vettvangur kennslunnar, hvert svo sem eðli þess er og beindi ekki sjónum að manngerðum þætti útikennslustofanna.

Út frá þessari umræðu voru svæði í borginni skoðuð og greind. Einnig var horft til þess hvort um viðkomandi svæði gilti samningur milli skóla og USK en tvenns konar samningar standa skólum til boða. Annars vegar geta grunnskólar tekið þátt í verkefninu *Lesið í skóginn* og hins vegar geta leik- og grunnskólar „tekið svæði í fóstur" með því að gera grenndarsamning við USK fyrir milligöngu Náttúruskóla Reykjavíkur. Niðurstöður þessarar greiningarvinnu má sjá í töflu 2.

Kortlagningin sjálf fólst í að færa á eitt kort öll svæði sem gerðir hafa verið samningar um milli fræðsluaðila og borgar, hvort sem um er að ræða útikennslustofur (þ.e. svæði sem hafa verið byggð upp) eða óbreytt útinámssvæði, auk þess að kortleggja svæði sem hafa verið byggð upp með einhverjum hætti án þess að slíkur samningur hafi verið gerður. Meðfylgjandi ársskýrslunni er kort sem sýnir þessi svæði.

Tafla 2 Greining á svæðum sem notuð eru sem vettvangur til útináms og hugtökum sem notuð eru til að lýsa þeim.

Útikennslustofa	Útikennslustofa er svæði sem sérstaklega hefur verið byggt upp vegna útináms. Útikennslsutofur búa yfir einhverri lágmarksaðstöðu til þess að þar sé hægt að vera með hóp barna, s.s. bekkir eða sessur, eldstæði, salernisaðstaða. Útikennslustofa getur verið innan grenndarsvæðis eða grenndarskógar.
Útinámssvæði	Svæði þar sem útinám fer reglulega fram, án þess að aðstaða hafi verið byggð upp sérstaklega fyrir kennsluna.
Grenndarsvæði	Grenndarsvæði er útinámssvæði sem gerður hefur verið sérstakur samningur um, milli skóla og Reykjavíkurborgar, í þeim tilgangi að byggja upp útinám á svæðinu á vegum viðkomandi skóla. Slíka samninga er hægt að gera um hvers konar umhverfi sem er, hvort sem um er að ræða manngerð svæði eða náttúruleg. Grenndarsamingur er fyrst og fremst staðfesting á því að samtal samningsaðila skuli fara fram um afnot, nýtingu, breytingar, framkvæmdir, viðhald o.þ.h. á umræddu svæði. Samningurinn felur ekki í sér rétt til nýtingar svæðisins umfram það sem almenningur hefur á grænum svæðum borgarinnar.
Grenndarskógur	Grenndarskógur er skógarsvæði sem gerður hefur verið sérstakur samningur um, milli fræðsluaðila og verkefnisins *Lesið í skóginn.* Verkefnið byggir á sjálfbærri nýtingu skógarsvæðis í skólastarfi og samþættingu skógarins við sem flestar námsgreinar.
Önnur svæði	Útinám getur farið fram á öllum mögulegum svæðum óháð því hvort um þau gildi sérstakur samstarfssamningur um útinám. Öll opin almenningssvæði borgarinnar eru þar með svæði til útináms en einnig sérstök svæði innan skilgreindra skólalóða, þ.e. svæði sem öðrum en aðilum úr viðkomandi skóla býðst einnig að nota. Nokkur almenningssvæði hafa einnig verið byggð upp sérstaklega með margvíslegt útinám í huga.

Önnur samstarfsverkefni

Varðliðar umhverfisins

Verkefnasamkeppnin Varðliðar umhverfisins var haldin enn á ný í samstarfi við umhverfisráðuneytið og Landvernd. Í þetta skipti voru verðlaunin veitt tveimur hópum nemenda.

Nemendur í 7. og 8. bekk Stórutjarnaskóla í Ljósavatnsskarði hlutu útnefninguna fyrir vinnu sína að umhverfisþingi skólans. Síðastliðin þrjú ár hafa nemendur og starfsfólk Stórutjarnaskóla staðið fyrir umhverfisþingi og á þinginu í ár kynntu nemendur rannsóknarniðurstöður sínar á sorpflokkun á heimilum í skólasamfélaginu. Verkefnið kölluðu þeir *Ert þú í rusli? Er rusl hráefni eða úrgangur?* Um var að ræða könnun sem nemendur gerðu á sorpflokkun í skólasamfélaginu ásamt leiðbeiningum um sorpflokkun í sveitarfélaginu sem nemendur dreifðu til allra heimila skólasamfélagsins.

Nemendur Foldaskóla í Grafarvogi hlutu útnefninguna fyrir þátttöku sína í Norræna loftslagsdeginum árið 2010. Í tilefni dagsins ákváðu nemendur skólans að virkja nærsamfélag sitt til þátttöku í þágu loftslagsmála og búa til eitt stórt tré í skólanum til þess að minna á mikilvægi trjánna, m.a. í loftslagsmálum.

3. mynd. Afrakstur útináms á garðbekk undir haustlitum í Grasagarði Reykjavíkur.

Umhverfið er okkar bók

Náttúruskólinn vann ásamt Ingibjörgu M. Gunnlaugsdóttur og Kolbrúnu Vigfúsdóttur, báðum á leikskólaskrifstofu SFS, að útgáfu mynddisks um útinám. Verkefnið var styrkt af þróunarsjóði námsgagna hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og var unninn í samstarfi við Erlu Stefánsdóttur sem sá um upptökur. Efni var tekið upp í fjórum leikskólum í borginni sem allir hafa verið í samstarfi við Náttúruskólann. Sumum þeirra var fylgt eftir yfir heilt skólaár og fylgst með útinámi við allar árstíðir en öðrum var fylgt eftir í sérstökum verkefnum sem þróast hafa í útinámi þeirra. Verkefnið hófs haustið 2010 og lauk á vormánuðum 2012. Þá var diskurinn fullgerður og hann gefinn út í tilefni af stóra leikskóladeginum í júní. Disknum var í kjölfarið dreift til allra leikskóla Reykjavíkurborgar.

Vinnuskóli Reykjavíkur

Eins og undangengin ár kom verkefnisstjóri Náttúruskólans að undirbúningi leiðbeinenda Vinnuskólans fyrir sumarstarfið. Í ár voru bæði yfirleiðbeinendur og grænir fræðsluleiðbeinendur á námskeiði um umhverfismennt sem fram fór í Grasagarði Reykjavíkur.

Náttúruskólinn á grænni grein

4. mynd. Umhverfisnefnd Náttúruskóla Reykjavíkur hjálpast að við að draga annan grænfána skólans að húni.

Náttúruskóli Reykjavíkur fékk grænfánann afhentan öðru sinni á árinu fyrir árangursríkt umhverfisstarf. Umhverfisnefnd var skipuð sömu aðilum og skólaárið á undan. Grunnur að farsælu grænfánastarfi var lagður með mikilli vinnu umhverfisnefndar skólaárið 2010-2011 og fleytti Náttúruskólanum áfram síðasta skólaár, 2011-2012. Umhverfisnefndin tók ákvörðun um þema ársins, *lýðheilsu,* í nóvember. Markmið grænfánastarfsins voru þar með orðin fimm:

- Að efla útikennslu í grunn- og leikskólum borgarinnar
- Að skapa vettvang fyrir heilsteypt umhverfisstarf í skólum í anda umhverfisstefnu borgarinnar, *Reykjavík í mótun*
- Að efla meðvitund um þátt útináms í heilsuvernd og heilsueflingu, m.a. í fræðslu á vegum Náttúruskólans (markmið sett 2012)
- Að halda áfram aðhaldi í úrgangsmálum (markmið sett 2011)
- Að halda áfram að vekja athygli á mikilvægi umhverfisvænna samgöngumáta (markmið sett 2011)

Mestur þungi vinnunnar fór fram að vori. M.a. fóru þá fram kennaranámskeið sem skipulögð voru út frá þemanu (*Hláturjóga* og *Færni til framtíðar*) og var Náttúruskóli Reykjavíkur þátttakandi í *Grænum apríl.* Sótt var um annan fána skólans í febrúar 2012, úttekt fór fram í maí og afhending fór fram í Grasagarði Reykjavíkur 28. ágúst 2012. Viðstaddir voru samstarfsfólk og velunnarar skólans ásamt dönskum gestum, m.a. frá *Skoven i skolen,* sem hér voru staddir til að kynna sér útinám á Íslandi. Náttúruskólinn og *LÍS* héldu í sameiningu utan um heimsókn þeirra til Reykjavíkur.

Tölulegar niðurstöður

Lykiltölur

Lykiltala 1 sýnir fjölda þátttakenda á námskeiðum Náttúruskólans frá ári til árs. Eins og fram kemur hér að framan hefur mjög dregið úr aðsókn á námskeiðin síðustu misseri og sýnir lykiltala 1 vel þá þróun sem átt hefur sér stað. Þrátt fyrir samdrátt árið á undan var gert ráð fyrir allmiklum fjölda þátttakenda 2012 (áætlun 300) en raunþátttaka er enn lakari en á síðsta ári (raun 35) (sjá 5. mynd).

Lykiltala 2 sýnir fjölda námskeiða sem Náttúruskólinn heldur á starfsdögum skóla (sjá 6. mynd). Enn er mikil eftirspurn eftir þessari fræðslu og er niðurstaða ársins fór fram úr væntingum. Gert var ráð fyrir að haldin væru námskeið í 14 skólum en niðurstöður ársins sýna að námskeiðin voru haldin í 13 skólum auk þess sem 9 skólar fengu fræðslu á sameiginlegum starfsdegi. Alls eru það því 22 skólar sem fengu fræðslu á vegum Náttúruskólans á starfsdegi á árinu 2012. Munar þar mestu um þá aukningu sem hefur orðið í námskeiðum um menntun til sjálfbærni en alls eru það 15 skólar sem fengu slíka fræðslu. Sjö fengu fræðslu um útinám.



5. mynd. Lykiltala 1 sýnir fjölda þátttakenda á kennaranámskeiðum Náttúruskólans.
* Árið 2006 voru námskeið aðeins haldin á haustmisseri.

Sjálfbærnivísar

Sjálfbærnivísar Náttúruskólans eru þrír. Sá fyrsti sýnir fjölda skóla sem senda þátttakendur á kennaranámskeið Náttúruskólans. Fyrir árið 2012 sýnir sjálfbærnivísir 1 að mestur fjöldi þátttakenda á námskeiðum kom úr 15 grunnskólum borgarinnar (sjá 7. mynd). Það er lítið meiri fjöldi en á síðasta ári þegar þátttakendur komu úr 11 grunnskólum Reykjavíkur. Stærstur hluti þessara skóla átti þátttakendur á námskeiðinu *Sjálfbærni í skólastarfi* sem haldið var í samstarfi við SFS. Hins vegar áttu aðeins tveir leikskólar borgarinnar þátttakendur á námskeiðum ársins miðað við níu leikskóla árið á undan. Aðrir þátttakendur komu úr þremur leik- og grunnskólum utan Reykjavíkur.



6. mynd. Lykiltala 2 sýnir fjölda skóla sem hefur fengið námskeið eða fræðslu á starfsdegi skólans á tilteknu ári.



7. mynd. Sjálfbærnivísir 1



8. mynd. Sjálfbærnivísir 2



9. mynd. Sjálfbærnivísir 3

Sjálfbærnivísir 2 sýnir þann fjölda skóla sem fær fræðslu á vegum Náttúruskólans á starfsdegi. Þær niðurstöður eru greindar eftir því hvort um leik- eða grunnskóla er að ræða og hvort skólinn tilheyrir Reykjavíkurborg eða öðru sveitarfélagi.

Sjálfbærnivísir 2 fyrir árið 2012 sýnir að aldrei áður hafa fleiri grunnskólar Reykjavíkur fengið fræðslu á starfsdegi á vegum Náttúruskólans á einu ári (sjá 8. mynd). Munar þar mestu um þá fjóra skóla í Árbæjarhverfi sem ásamt leikskólum hverfisins héldu sameiginlegan starfsdag og fengu fræðslu um menntun til sjálfbærni. Vísirinn sýnir einnig að leikskólarnir sem fengu fræðslu á starfsdegi á árinu eru ánægjulega margir og en aðeins einu sinni hafa þeir verið fleiri, þ.e. 16 árið 2010 en 15 nú í ár.

Sjálfbærnivísir 3 sýnir uppsafnaðan fjölda þeirra skóla sem með einhverjum hætti hafa þegið fræðslu á vegum Náttúruskóla Reykjavíkur. Síðustu ár hefur vísirinn sveiflast örlítið frá ári til árs og er þar um að kenna breytilegum heildarfjölda skóla í borginni vegna sameininga leik- og grunnskóla á síðustu tveimur skólaárum (sjá 9. mynd).

Einhverjum gæti þótt einkennilegt að fylgjast með því að hlutfall skóla sem hafa á síðustu árum með einhverjum hætti tengst fræðslu Náttúruskólans fari lækkandi en ástæða þess að vísirinn lækkar á milli ára liggur í sameiningum skóla. Það vekur spurningu á hvaða upplýsingar sjálfbærnivísirinn veiti og hvort þær séu gagnlegar. Endurskoðunar er þörf á hvaða vísar eru hentugastir til að sýna fram á árangur Reykjavíkurborgar í því að styðja leik- og grunnskóla til árangursríks umhverfisstarfs. Í lok ársins kom verkefnisstjóri Náttúruskólans að því að móta vísa fyrir umhverfis- og auðlindastefnu Reykjavíkurborgar vegna menntunar til sjálfbærni en því verkefni er ólokið um áramót.

Fyrirlestrar og kynningar

Aldrei áður hefur Náttúruskóli Reykjavíkur komið jafn víða við í fyrirlestrahaldi og á árinu 2012. Í töflu 3 er tekið saman yfirlit yfir þær 36 kynningar, fyrirlestra og erindi sem verkefnisstjóri Náttúruskólans hélt á árinu. Þar sést glöggt hve Náttúruskólinn er eftirsóttur og hvaða sess hann skipar sem frumkvöðull í innleiðingu útináms og ekki síður menntunar til sjálfbærni hérlendis. Meira en helmingur allra kynninga, fyrirlestra og erinda sem verkefnisstjóri flutti á árinu voru vegna menntunar til sjálfbærni eða 53% (sjá mynd 10).



10. mynd. Hlutfall umfjöllunarefna í fyrirlestrum, kynningum og erindum á vegum Náttúruskóla Reykjavíkur árið 2012.

Tafla 3 Yfirlit yfir fyrirlestra, kynningar og erindi á vegum Náttúruskóla Reykjavíkur árið 2012.

Dags.	Efni	Á hvers vegum/fyrir hverja…
24.feb	Menntun til sjálfbærni	Leikskóli
27.mar	Menntun til sjálfbærni	Comeniusarnemendur
27.mar	Útinám	Comeniusarnemendur
18.apr	Náttúruskóli Reykjavíkur	Ársfundur Naturskoleföreningen, Svíþjóð
2.maí	Útikennslustofur	Skóla- og frístundaráð
3.maí	Menntun til sjálfbærni	Landvernd
8.maí	Menntun til sjálfbærni	FUMÍ
16.maí	Umhverfismennt	Vinnuskóli Reykjavíkur
6.jún	Menntun til sjálfbærni	SFS, fræðslumorgunn
8.jún	Menntun til sjálfbærni	Grunnskóli
12.jún	Útikennslustofur	Umhverfis- og samgönguráð
14.ágú	Menntun til sjálfbærni	SFS, kennaranámskeið
17.ágú	Útinám	Grunnskóli
20.ágú	Útinám	Grunnskóli
28.ágú	Náttúruskóli Reykjavíkur	Danskir gestir
30.ágú	Menntun til sjálfbærni	SFS, kennaranámskeið
31.ágú	Útinám	Leikskóli
8.sep	Menntun til sjálfbærni	Leikskóli
13.sep	Menntun til sjálfbærni	FL, FSL, SFS, málþing
17.sep	Menntun til sjálfbærni	FL, FSL, SFS, málþing
20.sep	Menntun til sjálfbærni	FL, FSL, SFS, málþing
1.okt	Útinám	Þjónustumiðstöð
4.okt	Menntun til sjálfbærni	SFS, kennaranámskeið
18.okt	Útikennslustofur	SFS, skólastjórar
18.okt	Útinám	Menntavísindasvið
19.okt	Menntun til sjálfbærni	Leikskóli
29.okt	Menntun til sjálfbærni	Endurmenntun HÍ
1.nóv	Menntun til sjálfbærni	Leikskóli
8.nóv	Náttúruskóli Reykjavíkur	SAMGUS
12.nóv	Útinám	Leikskóli
14.nóv	Menntun til sjálfbærni	Grunnskóli
19.nóv	Menntun til sjálfbærni	Leik- og grunnskólar Árbæ
23.nóv	Menntun til sjálfbærni	SFS, hlaðvarp
12.des	Náttúruskóli Reykjavíkur	Sveitarfélagið Garðabær
18.des	Umhverfislæsi	Starfshópur SFS um læsi
21.des	Umhverfisvitund	Fréttablaðið

Lokaorð

Á nýju ári hefur Náttúruskólinn starfsemi sína á Skóla– og frístundasviði. Náttúruskólinn hefur slitið barnsskónum á Umhverfis– og samgöngusviði og á þeim tímamótum gefst tækifæri til að endurskoða áherslur í starfseminni, þau markmið sem sett voru skólanum í upphafi og hann hefur starfað eftir æ síðan.

Ný aðalnámskrá leggur sömuleiðis nýjar línur fyrir leik– og grunnskóla og ánægjulegt er að Náttúruskólinn fái að taka þátt í að innleiða grunnþáttinn *sjálfbærni* með auknum krafti. Mikilvægt er að Náttúruskólanum fylgi þau góðu tengsl og hið árangursríka samstarf sem starfsemin hefur byggt upp á síðustu árum á Umhverfis– og samgöngusviði. Þannig má enn frekar stuðla að árangursríku umhverfisstarfi leik– og grunnskóla.

11. mynd. Hér hefur teningi verið kastað og þátttakendur fundið ýmis dæmi um töluna 3 í umhverfinu.

www.natturuskoli.is

LANDVERND

Reykjavík
Janúar 2012